



Mukul Goyal

Handunnin Indversk hönnun



Vörurnar eru handunnar úr krómuðu látúni



Mukul Goyal notar skopskynið óspart með það að leiðarljósi að kalla fram forvitni og gleði

Frumleg og einstök hönnun

Mukul Goyal er indverskur hönnuður sem dregur áhrif hönnunar sinnar úr daglegu lífi. Hann nýtir sér einföld form, skreytir með nýjum sjónarhornum og notar skopskynið óspart með það að leiðarljósi að kalla fram forvitni og gleði viðskiptavina sinna

Helstu áherslur í list hans, hönnun og framleiðslu eru skrautmunir og nytjalist fyrir heimilið. Vörurnar eru handunnar úr krómuðu látúni (e. chromed brass) með nákvæmni og vandvirkni í Indlandi.

Hönnun Mukul Goyal hefur skapað sér sterkan sess í heimi hönnunar og er þekkt víða um heim og seld í yfir 30 þjóðlöndum.

Hönnuðurinn

Mukul Goyal er einn virtasti vöruhönnuður Indlands, menntaður í heimalandi sínu og í höfuðvígí ítalskrar hönnunar, Mílanó.

Hann er frumkvöðull í sviði hönnunar og nýtur þess að þræða mörk listar og hönnunar, formfegurðar og notagildis.

